

ELLEFTA SÁLFRÆÐIÞINGIÐ 10.—12. APRÍL 2019

Miðvikudagurinn 10. apríl

Opinn fyrirlestur fyrir almenning

Hvað er með þessi áföll?

á Hilton Reykjavík Nordica kl. 20:00—21:30



Sálfræðingarnir Þóra Sigfríður Einarsdóttir og Þorbjörg Sveinsdóttir fjalla um áföll og áhrif þeirra á börn og full-orðna. Þóra Sigfríður og Þorbjörg hafa báðar áralanga reynslu af því að vinna með einstaklingum sem orðið hafa fyrir áföllum.

Fundarstjóri: Tryggvi Guðjón Ingason, formaður Sálfræðingafélags Íslands

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Fimmtudagurinn 11. apríl

Kynningar- og námskeiðsdagur þingsins

1) Kvíðameðferðarstöðin (KMS)—fræðsla og kynning:

Umfiðllunarefni: Kynning á þjónustunni sem veitt er við KMS, þ.m.t. fjögurra daga meðferð við OCD og lotumeðferð við félagsfælni, auk þess sem sagt verður frá þeim rannsóknum sem í gangi eru við KMS.

Umsjónaraðili: Sigurður Viðar, sálfræðingur.

Staður og stund: Kvíðameðferðarstöðin, Suðurlandsbraut 4, 5. hæð - opið hús frá kl. 14:00 - 16:00 Skráning: [hér](#)

2) Klínísk spálíkön—hagnýtt námskeið á mannamáli í R:

Umfiðllunarefni: kynnt verða helstu forspárlíkön sem nýtast í heilbrigðis- og lýðheilsuvísindum. Dæmi fást um almenn línuleg líkön með normaldreifðar leifar, tvíkosta áhættureikna, lifunarlíkön fyrir tíma að atburði og Poisson líkön til að spá fyrir um talningargöng, auk aðferða til að prófa og staðfesta forspágetu þeirra á mannamáli.

Umsjónaraðili: Thor Aspelund prófessor í líftölfræði við Miðstöð í Lýðheilsuvísindum og aðstoðarkennarar Brynjólfur Gauti Jónsson og Þórarinn Jónmundsson, meistaranemar í tölfræði við HÍ.

Staður og stund: klukkan 9:00 til 12:00 staðsetning auglýst síðar.

Skráning: fer fram með því að senda tölvupóst á trhvs@hi.is og skrá sem fyrir-sögn „Klínísk spálíkön“

Námskeið með gestafyrirlesara þingsins Dr. Deborah Lee

The Compassionate Mind Approach to Recovering
from Complex PTSD

Föstudagurinn 12. apríl

Ráðstefnudagur þingsins

Á Hilton Reykjavík Nordica frá kl. 8:30-16:30

Afar fjölbreytt dagskrá, m.a.:

Opnunarerindi: Dr. Deborah Lee - *Developing compassionate resilience in those who have been hurt and harmed by others: Using compassion focused therapy to help change the emotional context of traumatised lives.*

Kynning á rannsóknum og hagnýtu efni, m.a. Þátttaka í peningaspilum og algengi spilavanda á Íslandi, áhrif stýrðrar kennslu Engelmans og fimi-þjálfunar á lestrarfærni sérkennslunemenda í 4.-7. bekk, OPCAT eftirlit (Optional Protocol to the Convention against Torture), geðfræðsla fyrir ungl-inga, hættuleg örmögnun foreldra eftir krabbameinsgreiningu barns o.fl.

Þematengdar málstofur um: Rannsóknir á áföllum og meðferð við þeim, heilahristingur meðal íþróttakvenna, fíknisjúkdómar, hvert er hlutverk sálfræðinga í meðferð alvarlegra geðraskana, kulnun og streita á vinnumarkaði, geðheilbrigði háskólanema, niðurstöður rannsókna á þunglyndi á Íslandi, nýlegar rannsóknir á meðferðarárangri hjá börnum og unglingum með kvíðaraskanir eða árátta-þráhyggjuröskun, Bergenska fjögurra daga meðferðin við þráhyggju-árátturöskun - Kynning á ólíkum tilfellum, o.fl.

Afhending heiðursverðlauna.

Verð: 10.000 kr. fyrir félagi í SÍ og háskólakennara í sálfræði, 7.800 kr. fyrir félagi í SÍ með aukaaðild og 15.500 kr. fyrir aðra.

Skráning: [hér](#).

Nákvæm dagskrá veður send út fljótlega

ATHUGIÐ! síðasti skráningadagur á ráðstefnudaginn er 9. apríl